

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. breytingu nr. 1224/2022, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

- Að brýr yfir Helluvatn hafi 8 tonna takmörkun á heildarþyngd ökutækja.
- Að eitt bifreiðastæði við Brávallagötu verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
- Að akstur vélknúinna ökutækja sé bannaður á stíg milli Holtavegar og Engjavegar, nema vegna Fjölskyldu- og húsdýragarðsins frá Holtavegi.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra. Akvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu stjórnýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 1. mars 2024.

Dagný Alma Jónasdóttir lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 15. mars 2024